

Niðurstöður skýrsluhaldsársins 2021 í nautakjötsframleiðslunni

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur
í nautgripærkt
mundi@rml.is



Sigurður Kristjánsson
skýrsluhald og
prófarkalestur
sk@rml.is



Niðurstöður skýrsluhaldsins í nautakjötsframleiðslunni fyrir árið 2021 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörunu.

Undir árslok 2018 var byrjað að birta uppgjör fyrir nautakjötsframleiðsluna og nær það uppgjör til þeirra bóva þar sem haldnar eru holdakýr. Enn er þetta yfirlit þó þeim annmörkum háð að niðurstöðurnar ná ekki yfir þær holdakýr sem eru á búum þar sem mjólkurframleiðsla er einnig stunduð. Þetta hefur sína kosti og galla. Einn kosturinn er sá að uppgjörin tekur til sérhæfðra bóva með holdakýr en galli er að ekki eru allar holdakýr í landinu með í uppgjörunu.

Skýrsluhald nautakjötsframleiðslunnar árið 2021 nær til 122 bóva og af þeim er að finna holdakýr af erlendu kyni á 91. Samtals hefur búunum fjölgað um tíu milli ára en búum þar sem er að finna holdakýr ef erlendu kyni fjölga um tólf. Kýr á búunum 122 voru við uppgjör ársins 3.161 talsins, sem er fjölgun um 310 frá árinu áður. Meðalfjöldi kúa á bú var 25,9 samanborið við 25,5 árið áður og reiknast þessar kýr yfir í 23,7 árskýr á bú en voru 21,7 árið 2020. Alls hafa verið skráðir 2.569 burðir á þessum búum á árinu 2021 sem jafngildir 0,81 burðum á kú. Þetta er fjölgun um 189 burði og samdráttur um 0,02 burði á kú milli ára.

Kjötframleiðsla og flokkun ársins 2021

Heildarframleiðsla ársins á þessum 122 búum nam um 684 tonnum sem er aukning um 76 tonn milli ára. Þetta þýðir að þau framleiða nálægt 14% alls nautgripakjöts í landinu. Meðalframleiðsla á bú var 5.607 kg en heildarfjöldi slátraðra gripa var 2.639. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru 5.432 kg og 2.395 gripir. Meðalfallþungi kúa frá þessum búum var 216,5 kg, en hann reyndist 211,5 kg árið áður og meðalþungi ungneyta var 267,6 kg en þau vögu til jafnaðar 262,0 kg 2020. Til jafnaðar var þeim fargað 739,1 dags gömlum eða 4,3 dögum eldri að meðaltali en á árinu 2020. Það jafngildir vexti upp á 347,6 g/dag, þegar reiknað er út frá fallþunga, en sambærileg tala frá fyrra ári var 340,1 g/dag. Til samanburðar var slátrað 9.556 (9.051) ungneytum á landinu öllu sem vögu 255,6 (250,3) kg að meðaltali við 750,6 (745,3) daga aldur. Tölur innan sviga eru frá 2020. Á þessum sérhæfðu búum sem yfirlitið nær til nást því gripirnir heldur þyngri við lægri aldur að jafnaði. Heilt yfir eru ungneyti þyngri en árið áður enda alin heldur lengur.

Ef litið er á flokkun gripanna var meðalflokkun ungneyta á sérhæfðu búunum 5,6 (5,6) á meðan meðalflokkun ungneyta yfir landið er 4,6 (4,5). Flokkun er því mun betri á þessum búum til jafnaðar, rétt eins og árið áður. Rétt er að hafa í huga að meðalflokkun er reiknuð þannig að flokkunum er gefið tölugildi þar sem P = 2, O = 5, R = 8, U = 11 og E = 14. Meðalgripurinn á búunum í yfirlitinu er því nálægt því að flokkast í O.

Skýrsluhald í nautakjötsframleiðslu - ársyfirlit 2021

Uppgjör fyrir síðustu 12 mánuði	Vesturland og Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra og Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldatölur					
Fjöldi bóva með kýr til kjötframleiðslu	23,0	33,0	22,0	44,0	122,0
Fjöldi bóva með holdakýr af erl. kyni	16,0	26,0	19,0	30,0	91,0
Fjöldi kúa	707,0	892,0	377,0	1.185,0	3.161,0
Meðalfjöldi kúa á bú	30,7	27,0	17,1	26,9	25,9
Árskýr á bú	32,0	24,6	13,0	23,9	23,7
Fjöldi burða	488,0	801,0	264,0	1.016,0	2.569,0
Meðalfjöldi burða á bú	21,2	24,3	12,0	23,1	21,1
Fjöldi 1. kálfs kúa	178,0	101,0	70,0	267,0	613,0
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán.	175,0	101,0	70,0	267,0	613,0
Endurnýjunarhlutfall	25,2	28,1	38,5	29,5	29,2
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	97,9	100,0	98,4	96,1	97,6
Kjötframleiðsla síð. 12 mán.					
Fjöldi slátraðra gripa	70,3	627,0	402,0	907,0	2.639,0
Hlutfall með sláturgögn	96,2	90,0	94,4	92,2	93,0
Meðalframleiðsla á bú	7.349,6	5.346,7	4.804,6	5.292,1	5.606,9
Meðalþungi					
Kýr	211,1	230,3	195,8	217,2	216,5
Ungneyti	246,0	289,7	269,3	267,7	267,6
Meðalflokkun					
Kýr	4,1	4,1	2,9	3,3	3,6
Ungneyti	5,0	6,4	5,1	5,7	5,6
Meðalaldur við slátrun					
Kýr	1.992,6	2.426,2	1.664,0	2.295,3	2.192,3
Ungneyti	716,4	764,5	782,0	716,5	739,1
Vaxtarhraði, g/dag	330,0	364,7	330,2	358,2	347,6
Öll bú - Ungneyti 12 - 30 mán.					
Fjöldi	1.552,0	1.705,0	2.621,0	3.678,0	9.556,0
Meðalflokkun	4,2	5,2	4,3	4,6	4,6
Meðalþungi	238,9	270,5	261,1	251,8	255,6
Meðalaldur	742,1	764,7	748,8	748,8	750,6
Heilsufar síð. 12 mán.					
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	8,9	2,5	187,1	5,2	18,8
Kýr					
Fjöldi sjúkdómstíffella á árskú	0,0	0,0	0,4	0,0	0,1
Bráðadauði/slys, hlutfall	0,3	0,4	0,3	1,4	0,8
Kálfar					
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	17,0	22,1	11,8	13,3	16,2
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	3,4	7,4	3,1	4,1	5,0
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	2,0	4,0	3,8	2,5	3,0
Frjósemi síð. 12 mán.					
Fjöldi fæddra kálfa	488,0	801,0	264,0	1.016,0	2.569,0
Bil milli burða	466,0	423,0	483,0	458,0	452,0
Aldur við 1. burð	32,2	27,3	28,7	29,4	29,3
Fjöldi sæðinga	73,0	275,0	70,0	249,0	767,0
Fjöldi sæddra kúa	55,0	205,0	57,0	234,0	551,0
Fjöldi sæddra holdakúa	18,0	149,0	52,0	152,0	371,0
Sæðingar á kú	1,3	1,3	1,2	1,5	1,4
Dagar frá burði til 1. sæðingar	146,8	119,9	176,0	104,3	121,0
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	7,0	14,4	18,9	19,2	15,3

Tafla 2. Þyngstu ungneyti á árinu 2021 (yfir 450 kg fall)

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg
1281 (naut)	Breiðaból	Arður 95402	AA x IS	29,1	537,4
1278 (naut)	Breiðaból	Álfur 95401	AA x IS	29,7	515,5
1062 (naut)	Nýibær	1637871-0881	AA x IS x Li	28,0	504,0
1033 (naut)	Nýibær	1637871-0881	AA x IS x Li	27,1	497,5
1036 (naut)	Nýibær	1637871-0881	AA x IS x Li	28,6	476,3
1284 (naut)	Breiðaból	Arður 95402	AA x IS	28,3	471,6
1132 (naut)	Nýibær	Ljómi 95451	Li x IS x AA	18,2	462,5
1268 (naut)	Breiðaból	Álfur 95401	AA x IS	27,6	454,3
0800 (naut)	Möðruvellir	Hálfmáni 13022	IS	27,8	450,1

Frjósemi

Á árinu 2021 fæddust 2.569 kálfar á þessum búum og reiknast meðalbil milli burða 452 (460) dagar. Bil milli burða er því nálægt 15 mánuðum sem er töluvert lengra en svo að meðalkýrin nái einum burði á ári. Framleiðsla nautakjöts með holdakúm verður tæpast arðbær hérlandis nema að þessi þáttur taki breytingu til batnaðar. Við þetta bætist að hlutfall dauðfæddra kálfa við 1. burð er 16,2% (15,4%),

5,0% (5,8%) við aðra burði og vanhöld frá 0-6 mánaða 3,0% (3,1%) þannig að fjöldi kálfa til nytja verður töluvert langt innan við kálf á kú á ári. Tölur í svigum hér eru frá fyrra ári.

Sæðingum á þessum búum fjölga nokkuð frá fyrra ári en teljast þó enn frekar undantekning en regla. Þannig voru sæddar 551 kýr á árinu 2021 samanborið við 349 kýr árið áður. Hlutfall sæddra kúa hækkar því í 17,4% úr 12,2%. Uppistaðan í sæddum kúm er kýr

af erlendum kynjum sem telja 371 af þessum 551 sem sæddar voru. Til jafnaðar voru þessar kýr sæddar 1,4 (1,7) sinnum og að meðaltali liðu 121,0 (134,7) dagar frá burði til 1. sæðingar. Þær kýr sem eru sæddar þetta löngu eftir burð munu ekki bera með 12 mánaða millibili. Aukin notkun sæðinga, þó í litlum mæli sé, er vegna sæðis úr nýjum Angus-nautum tilkomnum með innflutningi fóstruvísa frá Noregi. Hlutfall fæddra kálfa undan sæðinganautum nær ekki

nema 15,3% en hefur þó hækkað umtalsvert milli ára en á árinu 2020 var hlutfall þeirra 8,2%. Það liggur þó fyrir að greinin hlýtur að hafa meira að sækja í þetta erfðaefti en þessar tölur gefa til kynna og þar hljótu við að horfa til meiri vaxtarhraða, betri flokkunar auk betri móðureiginleika. Við val nauta fyrir fóstruvísaflokkningana frá Noregi hefur verið horft sérstaklega til þessara þátta enda hafa þeir hvað mest áhrif á afkomu greinarinnar.

Ef framleiðsla nautakjöts með holdakúm á að verða arðbær hérlandis verður að gera verulegt átak varðandi frjósemi og notkun sæðinga. Bil milli burða er alltof langt en grundvallarforsenda þess að þessi grein geti náð meiri arðsemi hlýtur að vera sú að hver kýr skili sem næst einum lifandi kálfi á hverju ári. Þá eru ónýttir möguleikar til þess að auka vaxtarhraða og kjötgæði með meiri og markvissari notkun sæðinga.

Mestur þungi og vöxtur

Þyngsta ungneytið sem slátrað var árinu var naut nr. 1281 á Breiðaból á Svalbarðsströnd. Þessi gripur var holdablendingur, 50% Angus og 50% íslenskur, undan Arði 95402 og vóg 537,4 kg er honum var slátrað við 29,1 mánaða aldur. Hann flokkaðist í UN U2. Í töflu 2 má sjá þau ungneyti sem náðu yfir 450 kg fallþunga á árinu 2021 en þau voru níu talsins og frá þremur búum, Breiðaból á Svalbarðsströnd, Nýjabæ undir Eyjafjöllum og Möðruvöllum í Eyjafirði. Í þessu sambandi er rétt að minna á að ungneyti eru gripir sem fargað er við 12-30 mánaða aldur. Sérstaka athygli vekja gripir númer 1132 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum, holdablendingur undan Ljóma 95451 (69% Limousine og 13% Angus), sem var rúmlega 460 kg við 18 mánaða aldur, og númer 800 á Möðruvöllum í Eyjafirði sem var alíslenskur sonur Hálfmána 13022.

Í töflu 3 má sjá þau ungneyti sem náðu mestum daglegum vexti reiknuðum út frá fallþunga. Miðað er við að gripirnir hafi náð a.m.k. 15 mánaða aldri við slátrun og reiknað er með 20 kg fallþunga við fæðingu. Mestum eða hröðustum vexti ársins náði naut númer 1132 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Því var slátrað rúmlega 18 mánaða og vóg fallið þá 462,5 kg. Nautið var 69% Limousine, 13% Angus, 7% íslenskt og 11% óskráð og flokkaðist í UN U3.

Þessar tölur og listar yfir þá gripir sem eru þyngstir og vaxa mest sýna vel hve holdablendingarnir skara fram úr. Eðlilega taka gripir af kynjum sem hafa verið ræktuð m.t.t. vaxtar og kjötgæða, gripum sem eingöngu eru ræktaðir til mjólkurframleiðslu fram. Þetta ætti hins vegar að vera þeim sem stunda framleiðslu nautakjöts mikil hvatning til þess að nýta það erfðaefti sem nú stendur til boða úr gripum fæddum á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Þar er um að ræða gripir sem hafa til að bera meiri vaxtargetu og kjötgæði en gömlu Angus- og Limousine-gripirnir auk þess sem þeir voru valdir m.t.t. mæðraeiginleika. Þeir sem halda holdakýr ættu því eindregið að notfæra sér sæðingar ef nokkur kostur er.

Full ástæða er til þess fyrir mjólkurframleiðendur að skoða hvort svigrúm er til þess að nota holdasæði í hluta kúnna og selja blendingana kjötframleiðendum nýfædda. Eins og við gátum um í fyrra bendir margt til þess að nú sé lag, nægur fjöldi kvígna til endurnýjunar fyrir hendi auk þess sem brýnt er að draga úr



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

endurnýjunarhraðanum með arðsemi að leiðarljósi. Ending kúnna þarf að aukast því uppeldi kvígna er kostnaðarsamt auk þess sem kýr á 4.-6. mjólkurskeiði eru í blóma lífsins. Þá eiga þær að standa á hápunkti í framleiðslu í stað þess að meðalkúnni er nú fargað um þriðja burð. Þá er ákveðið svigrúm á nautakjötsmarkaði til framleiðslu gæðakjöts.

Tölur ársins 2021 sýna að eldi sláturgripa fer fram, fallþungi fer vaxandi og flokkun batnar. Það er þó hægt að gera enn betur. Á meðfylgjandi grafi má sjá fallþungadreifingu ungneyta á árinu 2021. Um 16% allra ungneyta sem fargað var á árinu vógu innan við 200 kg sem hlýtur að

teljast óviðunandi fallþungi. Hins vegar má ekki gleyma því að hlutfall ungneyta undir 200 kg fallþunga er mun lægra en árið áður sem sýnir að framleiðslan er á réttri leið.

Að lokum er full ástæða til þess að óska þeim framleiðendum sem náð hafa góðum árangri við framleiðslu á nautakjöti til hamingju með þann árangur og vart á neinn hallað þó

ábúendur á Breiðabólum, Nýjabæ, Möðruvöllum, Guttormshaga, Dæli, Lækjartúni, Hofsstaðaseli og Miðey séu sérstaklega nefndir í því sambandi.

Tafla 3. Ungneyti með mestan daglegan vöxt á árinu 2021 (tíu efstu)


Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg	Flokkun	Vöxtur, g fall/dag
1132 (naut)	Nýibær	Ljómi 95451	Li x IS x AA	18,2	462,5	UN U3	811,9
1121 (naut)	Nýibær	Angi 95400	AA x IS x Li	18,4	409,1	UN U3+	703,6
0682 (naut)	Guttorms-hagi	1639211-0623 (IS x AA x Li x Ga)	IS x Ga x Li x AA	18,4	396,9	UN U3-	684,0
0683 (naut)	Guttorms-hagi	1639211-0623 (IS x AA x Li x Ga)	IS x Ga x AA x Li	18,3	385,3	UN R+3	666,6
0964 (naut)	Hofsstaða-sel	99999	Li x IS x óvíst	22,3	440,4	UN U2+	629,3
1065 (naut)	Dæli, Þing.	Lindi 95452	Li x IS	19,7	382,2	UN R-3-	613,9
0665 (naut)	Lækjartún	1641861-2049 (AA x IS)	AA x IS	19,1	368,6	UN R+3-	608,4
1010 (naut)	Hofsstaða-sel	99999	Li x Ga x IS x óvíst	20,2	388,4	UN R+3-	606,9
0671 (naut)	Lækjartún	1641861-2049 (AA x IS)	AA x IS	18,0	347,0	UN R+2+	604,4
1448 (naut)	Miðey	1205 (Ga x IS x óvíst)	Ga x IS x óvíst	18,4	350,4	UN R3-	597,5

Bændablaðið


Kemur næst út 10. febrúar

Mest lesna blaðið á landsbyggðinni samkvæmt mælingu Gallup á lestri prentmiðla

Dreift í 32.000 eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi



Fjárgrindurnar aftur fáanlegar



Liprar og léttar fjárgrindur. Krækt saman án aukahluta. Breidd 180 cm, hæð 90 cm.

Verð aðeins kr. 9.900 stk. auk vsk ef keyptar eru tíu grindur eða fleiri.

Fjárgrindur verðskrá:
1 stk.fjárgrind kr. 11.900 auk vsk.
10 stk. fjárgrindur eða fleiri kr. 9.900 stk. auk vsk.

Pantanir og upplýsingar í síma 899 1776 og 669 1336
Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn án aukakostnaðar.
Sent hvert á land sem er.



RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:



MÓHOLT 5, 400 ÍSAFJÖRÐUR - EINBÝLISHÚS

Eignin verður sýnd fimmtudaginn 3. febrúar n.k. kl. 16:00 - 16:30. Skv. reglum Ríkiskaupa um lágmarks auglýsingartíma verða tilboð í eignina opnuð kl. 13:00 mánudaginn 7. febrúar, 2022. Ríkiskaup kynna 207,5 m2 einbýli á einni hæð ásamt bílskúr samtals 207,5 m2. Byggingarár 1980. Eignin skiptist í 154,1 m2 íbúð og 53,4 m2 bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, búr, stofu, þvottahús, baðherbergi, gestasalerni og fjögur svefnherbergi. Nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa: www.rikiskaup.is Verð: 54,9 mkr

VÉLFANG

Sumarafleysingar í varahlutaverslun

Við óskum eftir að ráða starfsmann í sumarafleysingar í varahlutaverslun okkar í Reykjavík. Viðkomandi getur hafið störf sem allra fyrst í hlutastarfi t.d. vinna meðfram skóla. Starfið felst í sölu og afgreiðslu varahluta til viðskiptavina okkar um allt land. Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður, með ríka þjónustulund og geti unnið sjálfstætt. Starfið hentar jafnt körlum sem konum og hvetjum við bæði kynin að sækja um. Grunn tölvukunnátta er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820 Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is



VÉLFANG Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla. Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Ílíka hægt að lesa á bbl.is og Facebook
HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>

